

Mál nr. 425/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. desember 2025.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 17. maí 2024, kemur fram að þann dag hafi orðið umferðarslys milli gangandi vegafaranda, þ.e. M, og reiðhjólamanns fyrir utan Salinn í Hamraborg, Kópavogi. M lýsti atvikum svo fyrir lögreglu að hún hafi gengið eftir stéttinni í átt að húsinu þegar kona, þ.e. X, hafi komið á mikilli ferð á reiðhjóli niður bekkuna og hjólað á hana. Hlaut M nokkuð meiðsli við atvikið. X lýsti atvikum svo að hún hafi komið að Salnum og hjólað niður litla brekku þar en hún hafi ætlað sér að hjóla að undirgöngum sunnan megin við húsið. Hafi hún séð nokkuð af fólki á gangi á milli húsa og hafi M gengið í átt að Salnum. Hafi X hægt á sér og ætlað að hjóla fram hjá M, þ.e. aftur fyrir hana, þegar M hafi stöðvað og svo bakkað með þeim afleiðingum að X lenti á M sem missti jafnvægið og féll á gagnstéttina. Sagðist X hafa hægt ferðina mikið og verið næstum stopp er hún lenti á M.

Í málskoti kemur fram að M hafi gert kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar X hjá V en V hafnað kröfu hennar með bréfi dags. 29. ágúst 2025. M byggir kröfu sína á því að ökumaður, en reiðhjól sé skilgreint sem ökutæki, sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda skuli gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum, sbr. 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. sömu laga skuli hjólreiðamaður á gangstétt, göngustíg eða göngugötu víkja fyrir gangandi vegfarendum. Hann skuli þá gæta ítrustu varkárni og ekki hjóla hraðar en svo að hann geti vikið úr vegi fyrir fótgangandi umferð. Þá skuli hann gefa hljóðmerki þegar hann nálgast gangandi vegfarendur ef ætla megi að þeir verði hans ekki varir. Af fyrirbyggjandi gögnum megi ráða að X hafi vanrækt að verða við fyrrgreindum áskilnaði og hafi það leitt til tjóns M sem kenni sér meins enn í dag.

M mótmælir því þá sérstaklega að hún hafi borið ábyrgð á slysinu, en auk þess breyti það engu um skyldur X þó svo hefði verið. X hafi ekki veitt M nægilegt rými á göngustígnum og ekki varað hana við með hljóðmerki svo sem skylt hafi verið. Er því farið fram á að úrskurðað verði um fulla og óskerta bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar X hjá V.

Í bréf V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi hún hagað akstri sínum með fyllstu varúð og hafi ætlað að hjóla fram hjá M. Til að vara M við nærveru sinni hafi hún kallað til hennar. Þrátt fyrir þá viðvörðun hafi M stöðvað skyndilega og tekið skref aftur á bak án þess að líta aftur fyrir sig og þá stigið beint í akstursleið X. Það hafi verið eina og afgerandi orsök slyssins og hafi árekstur því verið óumflýjanlegur þrátt fyrir að X hafi verið á mjög lítilli ferð. Á báðum aðilum hafi hvílt almenn tillitsskylda, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og hafi X uppfyllt þá skyldu. Hafi hún með engu móti getað komið í veg fyrir eða gert ráð fyrir að M stigi aftur á bak og í veg fyrir hana. Sé afstaða V því sú að um óhappatilviljun hafi verið að ræða en M hafi ekki tekist að axla sönnunarbyrði þess að tjón hennar sé að rekja til saknæmrar háttsemi X og að nægilegt orsakasamband sé þar á milli.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það hafi verið undir X komið að fylgja þeim umferðarreglum sem áttu við um akstur hennar eftir stígnum. Sé þá ósannað að X hafi gefið ferðir sínar til kynna með hljóðmerki enda komi ekkert fram um það í frumgögnum málsins.

Álit.

M krefst samkvæmt framangreindu bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V vegna þess líkamstjóns er hún varð fyrir hinn 17. maí 2024. Ábyrgðartryggingarliður váttryggingarinnar tekur til

Þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum. Það hvílir á tjónþola, þ.e. í þessu tilviki M, að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt.

Byggja verður á lýsingum aðila eins og þær koma fram í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, enda er hún frumgagn í málinu. Engir framburðir vitna liggja fyrir nefndinni og í fyrrgreindri lögregluskýrslu er ekki getið um hvort einhver vitni hafi orðið að atvikinu. Ljóst er að lýsingum aðila fyrir lögreglu ber ekki saman. Þannig lýsir M atvikinu svo að X hafi komið á mikilli ferð og ekið á hana. X lýsir atvikum hins vegar svo að hún hafi hjólað hægt og ætlað sé að hjóla aftur fyrir M en M hafi skyndilega bakkað og það valdið því að X lenti á M. X hafi þá verið „næstum stopp“ þegar slysið átti sér stað.

Af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að ekki liggi fyrir að X hafi umrætt sinn brotið gegn almennum háttnerisreglum umferðarlaga eða þeim sérreglum sem gilda um akstur reiðhjóla, sbr. VII. kafla laganna og að slík háttsemi hafi leitt til umrædds slyss.

Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón hennar sé að rekja til atvika sem X beri skaðabótaskyldu vegna. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir